

Hjólareglur Lundarskóla

Hjólareglur í Lundarskóla eru eftirfarandi:

1. Nemendur sem náð hafa 7 ára aldri mega koma á hjóli í Lundarskóla.

Nemandi sem kemur á hjóli í Lundarskóla gerir það á áhættu og ábyrgð foreldra/forráðamanna sem skulu meta færni og getu nemandans sem og aðstæður til að hjóla í skólann.

Óleyfilegt er að koma á reiðhjóli í Lundarskóla nema að nota viðeigandi öryggisbúnað.

2. Ekki má nota reiðhjól í frímínútum eða meðan á skólastarfi og Frístundargæslu stendur. Það getur leitt til slysa nemenda sem eru að leik á skólalóðinni. Því er hjólaumferð ekki leyfð á skólalóð frá kl. 8-16. Við brot á þessari reglu má skólinn kyrrsetja hjól og skal foreldri eða forráðamaður þá sækja hjólið.

3. Þegar komið er á hjóli í skólann á að geyma hjól læst á skólalóðinni í eða við hjólagrindur. Skólinn ber enga ábyrgð á hjólum. Ef hjól týnist, skemmist eða annað slíkt er ekki hægt að óska eftir skoðun atvika í Öryggismyndavélaupptökum. Þjófnað eða skemmdarverk getur viðkomandi kært til lögreglu.

4. Reiðhjól má ekki nota á milli KA heimilis og skóla á skólatíma nema íþóttir séu fyrsti eða síðasti tími nemanda.

5. Þessar reglur gilda einnig fyrir rafknúin hjól.